

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir geymslusvæði Skagafjarðar 2026

1. gr

Leigutakar á geymslusvæði sveitarfélagsins skulu eiga lögheimili í Skagafirði.

2. gr

Sækja skal um leigupláss í íbúagátt sveitarfélagsins. Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast.

Í umsókn komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og stærð gáms. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

3. gr

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu kr. 12.000 tryggingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

4.gr

Gagnkvæmur uppsagnafrestur á ótímabundnum samningum er einn mánuður miðað við fyrsta dag hvers mánaðar. Tímabundnum leigusamningum lýkur án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu beggja aðila.

5. gr

Leigugjald er innheimt fyrir fram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrei verið styttri en einn mánuður.

6. gr

Leigugjald á geymslusvæði er sem hér segir:

- 20 feta gámur – 5.135 kr. á mánuði.
- 40 feta gámur - 10.270 kr. á mánuði.

Einstaklingar geta mest leigt pláss fyrir 1 x 40 ft. sem samsvarar 2 x 20 ft. gámum

Fyrirtæki geta mest leigt pláss fyrir 2 x 40 ft. sem samsvarar 4 x 20 ft. gámum.

Heilbrigðiseftirlit fær úthlutað plássi fyrir fimm meðalstórar bifreiðar, 9,5 m²/bifreið, og greiðir fast gjald á hverja bifreið sem nemur 5.135 kr. á bifreið á mánuði.

7. gr

Eingöngu er leyfð geymsla á gámum. Hæð á gámi má ekki vera meiri en 2,9 m (9,6 ft. High cube). Óheimilt er að geyma hluti utan eða ofan á gámum. Gámar skulu vera snyrtilegir og heilir. Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá gámum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim.

8. gr

Svæðið er ekki vaktað. Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki ber jafnframt alla ábyrgð á þeim skemmdum sem hlutir á vegum hans valda. Hvorki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu. Skagafjörður sinnir ekki snjómokstri á geymslusvæðinu.

9. gr

Svæðið er eingöngu geymslusvæði. Ekki er heimilt að rækja atvinnustarfsemi eða hafa búsetu á svæðinu. Lausamuni er eingöngu heimilt að geyma í gámum á geymslusvæðinu.

10. gr.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðinum þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðis við brottför. Starfsmaður þjónustumiðstöðvar fer yfir svæðið reglulega og fjarlægir og fargar lausamunum sem ekki eru í gámum.

11. gr.

Ráðhús Skagafjarðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

12. gr.

Hafi gámar og hlutir í þeim ekki verið sóttir innan 60 daga eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall orðið, áskilur leigusali sér allan rétt til að selja viðkomandi hluti fyrir áföllnum kostnaði.

13. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur gilda fyrir geymslusvæði Skagafjarðar á Sauðárkróki og Hofsósi. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2026.

Samþykkt í sveitarstjórn 30/09 2025.

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri.

